

160. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME fimmtudaginn 2. júní 2022 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennir Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, og Sigrún Birna Björnsdóttir sem var á Teams. Auk þess mætti áheyrnarfulltrúinn Björn Gísli Erlingsson f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Fjarverandi voru Halldór Waren og Stefán Bogi Sveinsson skólanefndarmenn auk Fjólu Orradóttur, formanns foreldra og hollvinasamtaka ME35.

Dagskrá fundar

1. Fundargerðir síðustu funda undirritaðar og þar með staðfestar.
2. Gangurinn í starfinu.
3. Starfsmannamál fyrir haustið.
4. Önnur mál.

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir síðustu funda undirritaðar og þar með staðfestar

Fundargerð 159. fundar var undirrituð og þar með staðfest.

2. Gangurinn í starfinu

Skólameistari sagði frá starfi síðustu vikna. Skólalok gengu nokkuð vel. Dimmitering gekk mjög vel í góðu veðri. Ball var í vikunni áður sem tókst líka ljómandi vel. Námsmatsdagar fóru ágætlega fram. Útskrift var í Valaskjálf 20. maí þar sem 37 nemendur útskrifuðust. Athöfninni var einnig streymt. Framundan eru fundir með SMÍ og FS eftir helgina. Beðið er eftir upplýsingum um 10. bekkinga sem hafa skráð sig í skólann. Þær munu koma um miðjan júní. Útlit er fyrir fjölgun í dagskólanum næsta skólaár. Vonir eru um 70-80 nýnema og 120-130 nema sem eru lengra komnir. Heimavistin verður vel nýtt.

Starfsdagar vorsins gengu vel. Hefðbundnr fundir voru haldnir. Ásthildur Garðarsdóttir var með erindi um jákvæða sálfræði, streitulosun og styrkleikaþjálfun.

Skólameistari fór yfir skóladagatal næsta skólaárs. Skóli mun hefjast 17. ágúst. Hann sagði einnig frá skýrslu um ytra mat sem er komin til skólans. Hún kom vel út og ekki margir þættir sem þarf að lagfæra. Ýmsar gagnlegar ábendingar komu fram um minniháttar úrbætur.

Einnig var sagt frá að framundan sé að fara í Grænfánaverkefni og hefja það á næsta skólaári. Halli var á rekstri skólans síðasta ár sem nam 35.000.000 milljónum króna. Ekki hafa komið greiðslur inn í staðinn. Ársreikningur skólans er þó ekki kominn frá ríkinu.

3. Starfsmannamál fyrir haustið

Skólameistari sagði frá að gengið hafi verið frá ráðningu Elínar Öddu Steinarsdóttur leiðbeinanda í eðlis- og jarðfræðikennslu. Elín Ása Heiðarsdóttir og Soffía Ingvarsdóttir sóttu um


stærðfræðikennslu og voru ráðnar. Einnig hefur Aldís Anna Þorsteinsdóttir iðjuþjálfi verið ráðin. Rannveig Þórhallsdóttir og Bylgja Lind Pétursdóttir munu verða í launalausu leyfi næsta skólaár. Hlynur Ármannsson verður í launalausu leyfi á vorönn og Dagur Skírnir Óðinsson á seinni haustspönn og alla vorönn. Heiðdís Halla Bjarnadóttir er ráðin í ár í fjarveru Bylgju Lindar.

4. Önnur mál


- a) Skúli Björn formaður sagði frá að líklega verði þetta síðasti fundur þessarar skólanefndar þar sem ráðuneytið sé byrjað að óska eftir tilnefningum. SSA mun tilnefna 2 fulltrúa og ráðuneytið velur 3 án tilnefningar.
- b) Spurt var um forritunaráfanga. Skólameistari sagði að forritunaráfangar hafi gengið vel en helst vantar nemendur. Átta skráðu sig í legóáfanga og 6 sátu hann til enda. Aðstaðan er orðin ágæt og þetta nám ætti að vera vaxtarbroddur.
- c) Skólameistari sagði frá að hann hafi sent athugasemd inn vegna Svæðisskipulags Austurlands sem er í umsagnarferli þar sem lítið var minnst á framhaldsskólana í fjórðungnum. Einnig gerði hann athugasemd við skipulagshugmynd hjá Múlaþingi um íþróttasvæði fyrir neðan skólann þar sem það átti að ná talsvert inn á land skólans. Skúli Björn lagði til að skólameistari gengi eftir því að fá á hreint hvaða land skólinn á og fá lóðablaðið hjá sveitarfélagini til fullvissu um það.
- d) Rætt var um fjármuni Skólasjóðs ME. Hugsanlega væri að nýta fé úr honum til að bæta við tækjum í Tæknismiðjuna og einnig til að bæta aðstöðu í verkefnatímastofum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00

Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Sigrún Birna Björnsdóttir

